

Hellu, 7. janúar 2016

Sveitarstjórn Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Efni: Sala fjögurra íbúða við Giljatanga og lands úr Nefsholti 2

Ágæta sveitarstjórn.

Á aukaaðalfundi Húsakynna bs. sem haldinn var á Hellu 23. nóvember síðastliðinn var eftirfarandi bókað undir liðnum „önnur mál“:

„Einnig var ákveðið að kanna möguleika á að setja parhúsin fjögur við Giljatanga á Laugalandi á söluskrá í einu lagi, ásamt ca 10 hektara aðliggjandi landspildu úr landi jarðarinnar Nefsholts 2, sem er í eigu Rangárþings ytra. Stjórn Húsakynna bs falið að undirbúa málið í samráði við sveitarstjórn Rangárþings ytra.“

Með bréfi þessu vil ég því, fyrir hönd stjórnar, koma bókun aukaaðalfundar sérstaklega á framfæri við sveitarstjórn Rangárþings ytra og óska eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að seld verði í einum pakka fjórar parhúsaíbúðir við Giljatanga á Laugalandi ásamt með því landi úr Nefsholti 2 sem er næst húsunum, sunnan við veg nr. 2820 (Laugalandsveg).


Það er tillaga undirritaðs, að því gefnu að sveitarstjórn taki vel í erindið, að sveitarstjóra og undirrituðum verði falið að láta útbúa sölugögn um þessar eignir og auglýsa hið fyrsta. Með því að selja landspildu með húsunum verða til ýmis tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu, ekki síst í ferðaþjónustu. Með landi eru íbúðirnar fjórar söluvænlegri en ella og gætu því nýst samfélaginu mun betur en þær gera í dag í opinberum rekstri. Mikilvægt er að þegar eignirnar verði seldar liggi fyrir hvernig söluandvirði verði skipt á milli Húsakynna og Rangárþings ytra, hvort sem er með hlutfallsútreikningi eða fastri krónutölu.

Um alllangt árabíl hafa Húsakynni verið með íbúð á Giljatanga á söluskrá. En því miður virðist áhugi enginn á einstaka íbúðum. Líkt og sveitarstjórn þekkir vel hefur það verið yfirlýst eigendastefna Húsakynna bs. um langt árabíl að selja allar íbúðir byggðasamlagsins, enda hafa þær verið á almennum leigumarkaði undanfarin ár og slíkt samræmist illa rekstri sveitarfélags. Íbúðirnar á Laugalandi eru af slíkri stærðargráðu að þær henta illa á þessu svæði. Eftirspurn eftir þeim til leigu var um tíma mjög lítil og á einum tímapunkti var einungis ein eign í útleigu. Það hefur skapað Húsakynnum umtalsverðan kostnað að hafa íbúðir tómar og áhættu sem reksturinn hefur illa þolað.

Nú þegar hlutverki Húsakynna hefur verið breytt er jafnvel enn mikilvægara en áður að selja þær íbúðir sem félagið á þannig að byggðasamlagið geti enn betur einbeitt sér að því hlutverki að reka sameiginlegar eignir sveitarfélaganna sem eru í rekstri til að þjónusta íbúa þeirra.

Er það von mín að sveitarstjórn taki vel í erindið, en jafnhliða því að setja þessar eignir á sölu munu Húsakynni einnig vinna að sölu á annarri af tveimur íbúðum byggðasamlagsins á Hellu nú í ársbyrjun og í framhaldi af því koma hinni íbúðinni á Hellu í söluferli, en það hefur verið stefna stjórnar að hafa einungis eina eign á söluskrá á hverju svæði til að raska sem minnst hinum frjálsa markaði. Með því verða allar íbúðir byggðasamlagsins komnar í hendur einkaaðila.

Virðingarfyllst,



Ingvar P. Guðbjörnsson
formaður stjórnar Húsakynna bs.